



# Íþróttamaður og -kona HK 2016

- Heiðranir -

**Lið:**

- 1. 4.flokkur karla B-liða – Íslandsmeistarar í knattspyrnu**
  - Strákarnir í 4.flokki urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu í sumar. Liðið vann níu af þeim tíu leikjum sem þeir spiluðu í sínum riðli og skoruðu 44 mörk. Í úrslitakeppninni unnu þeir alla þrjá leiki sína nokkuð örugglega og tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn 17.september sl.
- 2. 4.flokkur kvenna eldri – Bikarmeistarar í handknattleik**
  - Stelpurnar í 4.flokki komust í höllina í ár og unnu þar Fram 20-21 í hörkuspennandi leik sem fór í framlengingu. Liðið vann Val og Þór/KA á leið sinni í úrslitin.
- 3. 3.flokkur karla – Íslands-og bikarmeistara í blaki**
  - 3. flokkur karla í blaki varð Íslandsmeistari vorið 2016. Liðið vann alla leiki sína á sannfærandi hátt og tapaði ekki hrinu á mótinu. Þeir urðu einnig bikarmeistarar í janúar 2016. Í úrslitakeppninni á Akureyri unnu þeir lið Hugins, Skells og Aftureldingar og töpuðu einungis einni hrinu.
- 4. 2.flokkur kvenna – Bikarmeistara í blaki**
  - 2. flokkur kvenna í blaki varð bikarmeistari í janúar 2016. Í úrslitakeppninni á Akureyri unnu þær lið Skells, Fylkis og Þróttar Nes og töpuðu einungis einni hrinu.
- 5. 2.flokkur karla – Bikarmeistarar í blaki**
  - 2. flokkur karla í blaki varð bikarmeistari í janúar 2016. Liðið sigraði lið KA í tveimur úrslitaleikjum þar sem þeir töpuðu ekki hrinu.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

- Heiðranir -

**Lið:**

**6. HK B karla – Íslandsmeistarar 1.deildar í blaki**

- Blakdeild HK tefldi fram B-liði meistaraflokks sem tók þátt í 1.deildinni. Liðið er samsett af þeim leikmönnum mfl. sem fengu ekki tækifæri til að spila alla leiki í úrvalsdeildinni ásamt efnilegum leikmönnum 3.flokks. Liðið sigraði 1.deildina nokkuð örugglega og unnu strákarnir 15 af þeim 16 leikjum sem þeir spiluðu.

**7. HK B kvenna – Íslandsmeistarar 1.deildar í blaki**

- Blakdeild HK tefldi fram B-liði meistaraflokks sem tók þátt í 1.deildinni. Liðið er samsett af þeim leikmönnum mfl. sem fengu ekki tækifæri til að spila alla leiki í úrvalsdeildinni ásamt efnilegum leikmönnum 3.flokks. Liðið sigraði 1.deildina nokkuð örugglega og unnu stelpurnar alla leiki sína á mótinu og töpuðu einungis einni hrinu allt mótið.

**8. Meistaraflokkur karla – Deildar- og Íslandsmeistarar í blaki**

- Meistaraflokkur karla varð deildar- og Íslandsmeistari á liðnu keppnistímabili, en þetta var fimmta árið í röð sem félagið fagnar Íslandsmeistaratitlinum í blaki.
- Liðið spilaði 20 leiki í deildinni og endaði með 53 stig á toppi deildarinnar. Liðið tapaði einungis 17 hrinum allt tímabilið í deildarkeppninni af þeim 74 sem liðið spilaði.
- HK sigraði lið Stjórnunar í undanúrslitum og lið KA í úrslitarimmunni um Íslandsmeistaratitilinn.
- HK lék einnig til úrslita í bikarkeppni BLÍ en tapaði þar í úrslitum.
- Í nóvember tók liðið þátt í NEVZA, sem er undankeppni evrópumótsins í blaki og mætti þar gífurlega sterkum liðum af Norðurlöndunum og komst ekki áfram upp úr sínum riðli.
- Í meistaraflokki HK í blaki eru sem stendur átta lansliðsmenn sem eru eða hafa verið að taka þátt í verkefnum blaksambandsins.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

# Íþróttamaður og -kona HK 2016

- Heiðranir -

Einstaklingar:

## Blakdeild HK

### Íslandsmeistarar í strandblaki

- **Kvennaflokkur** Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einardóttir
- **2.deild karla** Máni Matthíasson og Nökkvi Halldórsson
- **U19 kvenna** Elísabet Einarsdóttir og Matthildur Einarsdóttir
- **U19 karla** Kári Hlynsson og Sigþór Helgason
- **U15 karla** Markús Ingi Matthíasson og Gunnar Heimir Ólafsson

## Dansdeild HK

### Gylfi Már Hrafnsson og María Tinna Hauksdóttir

- Íslandsmeistarar í Ballroom dónsum og tíu dónsum.
- Bikarmeistarar í Ballroom dónsum

## Borðtennisdeild HK

### Bjarni Þorgeir Bjarnason og Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

- Íslandsmeistarar í tvenndarkeppni

### Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

- Íslandsmeistari í einliðaleik 16-18 ára
- Arctic open meistari í einliðaleik kvenna

### Bjarni Þorgeir Bjarnason

- Íslandsmeistari í einliðaleik 40-49 ára



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

# Íþróttamaður og -kona HK 2016

- Heiðranir -

Einstaklingar 13-16 ára

Peir sem tilnefndir voru af deildum til íþróttakarls og -konu Kópavogsbæjar 2016

## **Blakdeild HK**

Matthildur Einarsdóttir  
Gunnar Heimir Ólafsson

## **Dansdeild HK**

Gylfi Már Hranfsson  
María Tinna Hauksdóttir

## **Knattspyrnudeild HK**

Valgeir Valgeirsson  
María Lena Ásgeirsdóttir

## **Handknattleiksdeild HK**

Blær Hinriksson  
Birta Rún Grétarssdóttir



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

# Íþróttamaður og –kona HK 2016

- Heiðranir og krýning -

## Einstaklingar í flokki fullorðinna

Þeir einstaklingar, í flokki fullorðinna, sem deildir félagsins tilnefndu til íþróttamanns og – konu HK 2016

### Blakdeild HK

#### Fríða Sigurðardóttir

Fríða Sigurðardóttir er fyrirliði meistaraflokks kvenna í blaki. Hún er gríðarlega öflugur leiðtogi innan vallar sem utan. Fríða spilar stöðu miðju í meistaraflokksliði HK og er lykilleikmaður liðsins. Fríða spilar stórt hlutverk með A landsliði Íslands í blaki og er leikjahæst kvenna í íslenska landsliðinu með 92 leiki. Fríða hefur ætíð haldið tryggð við sitt uppeldisfélag þrátt fyrir að vera búsett í Reykjavík. Fríða er góð fyrirmynd innan vallar sem utan og mikil hvatning fyrir liðsfélaga sína.

#### Kjartan Fannar Grétarsson

Fannar er einn af burðastólpum í meistaraflokki karla og spilar hann þar stöðu miðju sóknarmanns. Hann hefur spilað með meistaraflokki HK síðan árið 2013 og hefur þrívægis orðið Íslandsmeistari með félaginu. Hann leggur mikið á sig til að spila með liðinu og æfa, er góður félagi og fyrirmynd innan vallar sem utan. Einnig er Fannar einn af lykilmönnum íslenska landsliðsins og hefur spilað 30 leiki með landsliðinu.

### Knattspyrnudeild HK

#### Isabella Eva Aradóttir

Isabella Eva er gegnheill HK-ingur sem spilað hefur með liðum HK og HK/Víkings upp í gegnum alla yngri flokka félaganna og hefur í ár verið ein af lykilleikmönnum meistaraflokks HK/Víkings. Hún tók þátt í 26 af 30 mótssleikjum meistaraflokks árið 2016 og skoraði í þeim 5 mörk. Hún spilaði jafnframt fjölda leikja með 2. flokki, sem náði frábærum árangri í sumar. Isabella Eva hefur frá því sumar verið fastamanneskja í æfingahópi U19 landsliðs Íslands og spilaði sinn fyrsta landsleik nú í haust, en liðið tekur þátt í milliriðli Evrópumótsins næst sumar.

#### Birkir Valur Jónsson

Birkir Valur varð á sl. ári einn af lykilmönnum meistaraflokks aðeins 17 ára að aldri en hann er fæddur í nóvember 1998. Hann spilaði hverja einustu mínútu í leikjum HK í Inkasso deildinni í sumar, sem og í leikjum U19 landsliðsins árið 2016. Þá bar hann fyrirliðabandið í meira en helmingi leikja HK í deildinni. Birkir á að baki alls 15 U17, þarf af 4 síðustu sem fyrirliði liðsins og 10 U19 landsleiki og hefur nú verið valinn í úrtakshóp U21 landsliðsins.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolti



Taekwondo

## Handknattleiksdeild HK

### Elva Arinbjarnar

Elva er ungur og efnilegur leikmaður, sem gefur alltaf 100% í æfingar. Hún er á meðal fremstu handknattleikskvenna Íslands í sýnum aldursflokki og hefur átt fast sæti í unglíngalandsliðum Íslands. Þrátt fyrir ungan aldur spilar Elva stórt hlutverk í meistarafllokki handknattleiksdeildar spilar í ár í 1. deild kvenna og er í toppsætinu sem stendur.

### Elías Björgvin Sigurðsson

Elías sem verður tvítugur á árinu hefur þrátt fyrir ungan aldur, leikið lykilhlutverk í meistarafllokki karla sl. tvö tímabil. Auk þess að vera markahæsti leikmaður HK á tímabilinu með tæp 5 mörk að meðaltali í leik er Elías fæddur leiðtogi og hefur dregið vagninn fyrir hið unga meistaraflökkslið HK bæði í vörn og sókn. Elías hefur einstaklega góðan mann að geyma sem smitar leikgleði, dugnaði og vinnusemi í liðsfélaga sína.

## Borðtennisdeild HK

### Kolfinna Bergþóra Bjarnadóttir

Kolfinna átti stórgott borðtennisár þar sem hún sigraði meðal annars Grand prix mót HK, Reykjavík International Games, varð Íslandsmeistari í einliðaleik 16-18 ára og tvenndarleik með föður sínum Bjarna Þ. Bjarnasyni. Kolfinna spilaði fyrir Íslandshönd á Arctic Open þar sem hún gerði sér lítið fyrir og sigraði í einliðaleik kvenna og var einnig í sigurliði Íslands í liðakeppni á sama móti.

Kolfinna hefur verið lykil manneskja í íslenska landsliðinu frá árinu 2014 og tók þátt í Evrópu deildinni sem fram fór í Noregi í nóvember síðastliðnum. Framundan eru stór verkefni á vegum Borðtennissambandsins og ÍSÍ eins og smáþjóðaleikar, heimsmeistaramót auk þess sem Arctic Open fer fram í Færeyjum þetta árið.



Bandý



Blak



Borðtennis



Dans



Fótbolti



Handbolt



Taekwondo